

## TILSKIPUN RÁÐSINS 1999/32/EB

frá 26. apríl 1999

## um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmið og meginreglur umhverfisstefnu bandalagsins, eins og hún er sett fram í aðgerðaáætlunum á sviði umhverfismála og einkum í fimmtu aðgerðaáætluninni <sup>(4)</sup> á grundvelli meginreglna í 130. gr. r í sáttmálanum, beinast einkum að því að veita öllu fólki haldgóða vernd gegn viðurkenndri hættu, sem stafar af losun brennisteinsdíoxíðs, og að vernda umhverfið með því að koma í veg fyrir að styrkur og ákoma brennisteins í umhverfinu fari yfir hættumörk.
- 2) Samkvæmt 129. gr. sáttmálans skulu kröfur um heilsuvernd vera þáttur í öðrum stefnumálum bandalagsins. Samkvæmt 3. gr. o í sáttmálanum skulu aðgerðir bandalagsins einnig verða til þess að víðtækri heilsuvernd verði náð.
- 3) Losun brennisteinsdíoxíðs á verulegan þátt í þeim vanda sem súrnun skapar í bandalaginu. Brennisteinsdíoxíð hefur einnig bein áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.
- 4) Súrnun og brennisteinsdíoxíð í andrúmsloftinu skaða viðkvæm vistkerfi, skerða fjölbreytni lífríkisins og útvistargildi svæða og hafa neikvæð áhrif á uppskeru og vöxt skóga. Súrt regn, sem fellur í borgum, getur valdið alvarlegum skaða á byggingum og byggingarsögulegum minjum. Mengun vegna brennisteinsdíoxíðs getur einnig haft umtalsverð áhrif á heilbrigði manna, einkum á þann hóp fólks sem þjáist af sjúkdómum í öndunarferum.

5) Súrnun er fyrirbæri sem nær yfir landamæri og krefst aðgerða, bæði á staðbundnum og innlendum vettvangi, sem og á vettvangi bandalagsins.

6) Losun brennisteinsdíoxíðs á þátt í myndun svifryks í andrúmsloftinu.

7) Bandalagið og einstök aðildarríki eru aðilar að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN-ECE) um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Samkvæmt annarri bókun UN-ECE um mengun vegna brennisteinsdíoxíðs, sem berst yfir landamæri, skulu samningsaðilarnir draga úr brennisteinsdíoxíðmengun sinni svo nemi að minnsta kosti þeirri 30% skerðingu sem tilgreind er í fyrstu bókuninni. Í annarri bókun UN-ECE er gefin sú forsenda að farið verði áfram yfir hættumörk á nokkrum viðkvæmum svæðum. Nauðsynlegt er að grípa til frekari ráðstafana til að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs ef ná á markmiðunum sem sett voru í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála. Af þeim sökum ættu samningsaðilarnir að draga enn frekar úr losun brennisteinsdíoxíðs.

8) Viðurkennt er að brennisteinn, sem er frá náttúrunnar hendi í smáum stíl í olíu og kolum, hafi á síðustu áratugum verið helsta uppspretta brennisteinsdíoxíðslosunar, sem er annar tveggja meginþáttanna sem stuðla að „súru regni“, og ein helsta orsök þeirrar loftmengunar sem gætir á mörgum þéttbýlis- og iðnaðarsvæðum.

9) Framkvæmdastjórnin hefur nýlega sent frá sér orðsendingu um kostnaðarhagkvæmt átak til að berjast gegn súrnun í bandalaginu. Stjórnun á losun brennisteinsdíoxíðs, sem verður við brennslu tiltekinna fljótandi eldsneytistegunda, var talinn nauðsynlegur þáttur í þessu kostnaðarhagkvæma átaki. Bandalagið viðurkennir að þörf er á ráðstöfunum að því er varðar allar aðrar tegundir eldsneytis.

10) Rannsóknir hafa sýnt fram á að ávinningurinn af því að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs með því að skerða magn brennisteins í eldsneyti vegur oft verulega þyngra en sá kostnaður sem gert er ráð fyrir að iðnaðurinn verði fyrir samkvæmt þessari tilskipun. Tæknin til að minnka brennisteinsmagnið í fljótandi eldsneyti er til og reynsla er komin á hana.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 190, 21.6.1997, bls. 9, og Stjtið. EB C 259, 18.8.1998, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 355, 21.11.1997, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. maí 1998 (Stjtið. EB C 167, 1.6.1998, bls. 111), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. október 1998 (Stjtið. EB C 364, 25.11.1998, bls. 20) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. febrúar 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

- 11) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna, sem um getur í 3. gr. b í sáttmálanum, er ekki með góðu móti unnt að ná markmiðinu um að minnka losun brennisteinsdíoxíðs sem verður við brennslu tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis ef aðildarríkin grípa til aðgerða hvert í sínu lagi. Ósamræmdar aðgerðir tryggja á engan hátt að settu markmiði verði náð, geta jafnvel verkað þvert gegn markmiði sínu og leitt til talsverðrar óvissu á markaðnum fyrir viðkomandi eldsneytistegundir. Með tilliti til þess að brýnt er að minnka losun brennisteinsdíoxíðs í öllu bandalaginu er vænlegra til árangurs að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins. Í þessari tilskipun takmarkast kröfurnar við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná megi æskilegu markmiði.
- 12) Í tilskipun ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars 1993, sem varðar brennisteinsmagn tiltekinna fljótandi tegunda eldsneytis <sup>(1)</sup>, var framkvæmdastjórninni falið að leggja fyrir ráðið tillögu þar sem sett eru fram lægri mörk fyrir brennisteinsmagn í gasolíu og ný mörk fyrir þotueldsneyti. Því er rétt að mæla fyrir um mörk að því er varðar annað fljótandi eldsneyti, einkum svartolíu, þungar skipaolíur (bunker fuel oils), skipagasolíu (flotaolíu) og gasolíur, á grundvelli rannsókna á kostnaðarhagkvæmni.
- 13) Í samræmi við 130. gr. t í sáttmálanum skal þessi tilskipun ekki koma í veg fyrir að nokkurt aðildarríki viðhaldi hertum ráðstöfunum eða grípi til slíkra ráðstafana. Slíkar ráðstafanir skulu samrýmast sáttmálanum og þær ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.
- 14) Áður en aðildarríki innleiðir nýjar og hertar ráðstafanir skal aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni drög að ráðstöfununum í samræmi við tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(2)</sup>.
- 15) Með tilliti til viðmiðunarmarka, sem gilda um brennisteinsmagn í svartolíu, er rétt að mæla fyrir um undanþágur í aðildarríkjunum og á svæðum þar sem umhverfisskilyrði leyfa.
- 16) Með tilliti til viðmiðunarmarka, sem gilda um brennisteinsmagn í svartolíu, er einnig rétt að kveða á um undanþágur vegna notkunar hennar í brennsluverum sem virða viðmiðunarmörk fyrir losun sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 88/609/EBE frá 24. nóvember 1988 <sup>(3)</sup> um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið. Í ljósi fyrirhugaðrar endurskoðunar á tilskipun 88/609/EBE getur reynst nauðsynlegt að fara yfir tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar og breyta þeim eftir því sem við á.
- 17) Að því er varðar brennsluver í olíuhreinsunarstöðvum, sem heyra ekki undir gildissvið c-lið i-liðar í 3. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, skal meðallosun brennisteinsdíoxíðs í slíkum verum ekki fara yfir þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í tilskipun 88/609/EBE eða nokkurri endurskoðaðri gerð hennar síðar. Við beitingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin hafa í huga að ef skipt er yfir í annað eldsneyti en það sem er í samræmi við 2. gr. skal það ekki hafa í för með sér aukningu á losun sýrandi mengunarefna.
- 18) Samkvæmt tilskipun 93/12/EBE hafa viðmiðunargildi fyrir brennisteinsmagn í gasólum þegar verið sett við 0,2 %. Þau viðmiðunargildi skulu breytast fyrir 1. janúar 2008 og verða 0,1 %.
- 19) Í samræmi við aðildarlögin frá 1994 er Austurríki og Finnlandi veitt undanþága til fjögurra ára frá deginum sem aðildin tekur gildi að því er varðar ákvæðin í tilskipun 93/12/EBE um brennisteinsmagn í gasolíu.
- 20) Viðmiðunarmörkin 0,2% (frá árinu 2000) og 0,1% (frá árinu 2008) fyrir brennisteinsmagn í gasólum, sem eru ætlaðar til notkunar í hafskipum, geta skapað tæknilegan og efnahagslegan vanda fyrir Grikkland á öllu yfirráðasvæði þess, fyrir Spán, að því er varðar Kanaríeyjar, fyrir Frakkland, að því er varðar frönsku umdæmin handan hafsins og fyrir Portúgal, að því er varðar eyjaklasana Madeira og Asoreyjar. Undanþága fyrir Grikkland, Kanaríeyjar, frönsku umdæmin handan hafsins og eyjaklasana Madeira og Asoreyjar skal ekki hafa neikvæð áhrif á markaðinn fyrir gasolíu sem ætluð er til nota í hafskipum og útflutningur á gasolíu, sem ætluð er til nota í hafskipum, frá Grikklandi, Kanaríeyjum, frönsku umdæmunum handan hafsins og eyjaklösunum Madeira og Asoreyjum til annarra aðildarríkja, skal fullnægja gildandi kröfum í innflutningsaðildarríkinu. Grikkland, Kanaríeyjar, frönsku umdæmin handan hafsins og eyjaklasarnir Madeira og Asoreyjar skulu því undanþegin viðmiðunargildum, að því er varðar brennistein sem hlutfall af þyngd, fyrir gasolíu sem ætluð er til nota í hafskipum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 74, 27.3.1993, bls. 81.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/139/EB (Stjtið. EB L 32, 10.2.1996, bls. 31).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 336, 7.12.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/66/EB (Stjtið. EB L 337, 24.12.1994, bls. 83).

- 21) Losun brennisteins vegna skipaumferðar, sem rekja má til brennslu þunga skipaolía með miklu brennisteinsmagni, stuðlar að brennisteinsdíoxíðmengun og vanda sem tengist súrnun. Bandalagið mun í samningaviðræðum um Marpol-samninginn innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, bæði þeim sem standa nú yfir og í framtíðinni, beita sér fyrir haldbetri vernd, að því er varðar svæði sem eru viðkvæm fyrir SO<sub>x</sub>-losun, og fyrir lækkun eðlilegs viðmiðunargildis fyrir þunga skipaolíu (úr 4,5% sem nú gildir). Viðhalda ber því frumkvæði bandalagsins að lýsa Norðursjó og Ermarsund sérstakt mengunarvarnar-svæði með lífelli losun SO<sub>x</sub>.
- 22) Þörf er á ítarlegri rannsóknunum á áhrifum súrnunar á vistkerfi og menn. Bandalagið styður slíkar rannsóknir innan fimmtu rammaáætlunarinnar á sviði rannsókna <sup>(1)</sup>.
- 23) Ef röskun verður á framboði jarðolíu, jarðolíuvara eða annarra vetniskolefna getur bandalagið heimilað að hærri viðmiðunarmörk gildi innan yfirráðasvæðis aðildarríkis.
- 24) Aðildarríkin skulu sjá til þess að unnt verði á viðeigandi hátt að hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar tilskipunar sé framfylgt. Leggja skal skýrslur um brennisteinsmagn fljótandi eldsneytis fyrir framkvæmdastjórnina.
- 25) Til glöggvunar er nauðsynlegt að breyta tilskipun 93/12/EBE.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Tilgangur og gildissvið

1. Tilgangur þessarar tilskipunar er að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs sem stafar af brennslu tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis og draga þannig úr skaðlegum áhrifum slíkrar losunar á menn og umhverfið.
2. Draga skal úr losun brennisteinsdíoxíðs sem stafar af brennslu tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu með því að setja viðmiðunarmörk fyrir brennisteinsmagn slíks eldsneytis sem skulu verða skilyrði fyrir notkun þess innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

Takmarkanirnar á brennisteinsmagni tiltekinna tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu hins vegar ekki gilda um:

- a) — fljótandi tegundir eldsneytis úr jarðolíu sem eru notaðar í hafskipum, nema þær tegundir sem falla undir skilgreininguna í 3. mgr. 2. gr.,
  - skipagasolíu sem er notuð í skipum sem fara yfir mörk milli þriðja lands og aðildarríkis,
- b) eldsneyti sem er ætlað til vinnslu áður en lokabrennsla fer fram,
- c) eldsneyti sem fer til vinnslu í olúhreinsunariðnaði.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

##### 1. svartolía:

- allar tegundir fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem falla undir SAT-númer 2710 00 71 til 2710 00 78, eða
- allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, annað en gasolíu samkvæmt skilgreiningu í 2. og 3. lið sem, á grundvelli eimingarmarka, fellur undir flokk svartolíu sem ætluð er til nota sem eldsneyti og sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þar með talið það sem tapast) við 250 °C með ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er unnt að ákvarða eiminguna með ASTM D86-aðferðinni flokkast jarðolíuvaran engu að síður sem svartolía,

##### 2. gasolía:

- allar tegundir fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem falla undir SAT-númer 2710 00 67 til 2710 00 68, eða
- allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu sem, á grundvelli eimingarmarka, fellur undir flokk meðalléttra olía sem ætlaðar eru er til nota sem eldsneyti og sem eimast minna en 85 % miðað við rúmmál (þar með talið það sem tapast) við 350 °C með ASTM D86 aðferðinni.

Undir þessa skilgreiningu fellur ekki dísileldsneyti samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE <sup>(2)</sup>. Eldsneyti, sem er notað á færanlegar vélar sem eru ekki notaðar á vegum, fellur heldur ekki undir þessa skilgreiningu,

3. *skipagasolía (flotaolía)*: tegundir eldsneytis sem eru ætlaðar til nota í skipum sem falla að skilgreiningu í 2. lið eða sem hafa seigju eða eðlismassa, sem eru innan marka að því er varðar þá eðlisþætti, samkvæmt skilgreiningu fyrir eimað skipaeldsneyti í töflu I í ISO 8217 (1996),

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 26, 1.2.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

4. *ASTM aðferð*: aðferð sem *American Society for Testing and Materials* mælti fyrir um í útgáfu sinni frá 1976 um skilgreiningar og forskriftir staðla fyrir jarðolíuvörur og smurefni,
5. *brennsluver*: sérhver tæknibúnaður þar sem eldsneyti er brennt í því skyni að nýta þann varma sem myndast,
6. *hættumark*: reiknað viðmiðunargildi vegna váhrifa eins eða fleiri mengunarefna en samkvæmt núverandi þekkingu gætir ekki verulega skaðlegra áhrifa á viðkvæma umhverfisþætti undir því marki.

3. gr.

#### Hámarks magn brennisteins í svartolíu

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að svartolía verði ekki notuð á yfirráðasvæði þeirra frá og með 1. janúar 2003 fari magn brennisteins í henni yfir 1,00% miðað við massa.
2. Aðildarríki getur heimilað að svartolía, sem inniheldur 1,00 til 3,00% brennisteins miðað við massa, sé notuð á hluta yfirráðasvæðis síns eða á því öllu svo fremi að virtir séu staðlar um loftgæði, að því er varðar brennisteinsdíoxíð, sem mælt er fyrir um í tilskipun 80/779/EBE <sup>(1)</sup> eða í einhverri annarri löggjöf bandalagsins sem fellir úr gildi og kemur í stað þessara staðla og annarra viðeigandi ákvæða bandalagsins, og að losunin verði ekki til þess að farið sé yfir hættumörk í neinu aðildarríki. Slík heimild gildir eingöngu að því tilskildu að losun í einu aðildarríki verði ekki til þess að farið sé yfir hættumörk í neinu öðru aðildarríki.
3. i) Með fyrirvara um viðeigandi vöktun af hálfu lögbærra yfirvalda, að því er varðar losun, gilda 1. og 2. mgr. ekki um svartolíu sem er notuð:

- a) í brennsluverum, sem falla undir gildissvið tilskipunar 88/609/EBE sem teljast ný ver samkvæmt skilgreiningu í 9. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar og sem virða viðmiðunarmörk um losun brennisteinsdíoxíðs sem sett eru fram í 4. gr. þeirrar tilskipunar og IV. viðauka við hana,
- b) í öðrum brennsluverum, sem falla ekki undir gildissvið a-liðar, þar sem losun brennisteinsdíoxíðs í verunum er jöfn eða minni en 1700 mg/Nm<sup>3</sup> og súrefnismagnið í brunagasinu er 3% miðað við rúmmál í þurru ástandi,
- c) til brennslu í hreinsunarstöðvum, þar sem mánaðarleg meðaltalslosun brennisteinsdíoxíðs í öllum verum hreinsunarstöðvarinnar (að undan-

skildum brennsluverum sem falla undir gildissvið a-liðar), og óháð því hvaða tegund eða blanda eldsneytis er notuð, er innan marka sem hvert aðildarríki setur en þau skulu ekki vera hærri en 1700 mg/Nm<sup>3</sup>.

- ii) Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin brennsluver, sem nota svartolíu með brennisteinsmagni sem er meira en um getur í 1. mgr., séu starfrækt án leyfis sem lögbært yfirvald gefur út og sem tilgreinir viðmiðunarmörk fyrir losun.

4. Endurskoða skal ákvæði 3. mgr. og breyta þeim í ljósi síðari breytinga á tilskipun 88/609/EBE eftir því sem við á.

5. Ef aðildarríki nýtir sér þá möguleika, sem um getur í 2. mgr., ber því að upplýsa framkvæmdastjórnina og almenning um það með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara. Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar sem nægja til að hún geti metið hvort þær viðmiðanir, sem um getur í 2. mgr., eru uppfylltar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

Innan sex mánaða frá þeim degi, sem upplýsingar berast frá aðildarríki, skal framkvæmdastjórnin kynna sér fyrirhugaðar ráðstafanir, taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina, sem sett er fram í 9. gr., og tilkynna hana aðildarríkjunum. Þessi ákvörðun skal endurskoðuð á átta ára fresti á grundvelli upplýsinga sem viðkomandi aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 9. gr.

4. gr.

#### Hámarks magn brennisteins í gasolíu

1. Aðildarríkin skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að gasolíur, þar á meðal skipagasolía, séu ekki notaðar á yfirráðasvæði þeirra frá og með:

- júlí 2000 ef brennisteinsmagn þeirra er meira en 0,20% miðað við massa,
- 1. janúar 2008 ef brennisteinsmagn þeirra er meira en 0,10 % miðað við massa.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta Spánn, að því er varðar Kanaríeyjar, Frakkland, að því er varðar frönsku umdæmin handan hafsins, og Portúgal, að því er varðar eyjaklasana Madeira og Asoreyjar, heimilað notkun á gasolíu í skipum þótt brennisteinsmagnið sé yfir viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í 1. mgr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

3. Aðildarríki getur heimilað að gasólfa, sem inniheldur 0,10 til 0,20 % brennisteins miðað við massa, sé notuð á hluta yfirráðasvæðis síns eða á því öllu svo fremi að virtir séu staðlar um loftgæði, að því er varðar brennisteinsdíoxíð, sem mælt er fyrir um í tilskipun 80/779/EBE eða í einhverri annarri löggjöf bandalagsins sem fellir úr gildi og kemur í stað þessara staðla og annarra viðeigandi ákvæða bandalagsins, og að losunin verði ekki til þess að farið sé yfir hættumörk í neinu aðildarríki. Slík heimild gildir eingöngu að því tilskildu að losun í einu aðildarríki verði ekki til þess að farið sé yfir hættumörk í neinu öðru aðildarríki og hún skal ekki gilda lengur en til 1. janúar 2013.

4. Ef aðildarríki nýtir sér þá möguleika sem um getur í 3. mgr. ber því að upplýsa framkvæmdastjórnina og almenning um það með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara. Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar sem nægja til að hún geti metið hvort þær viðmiðanir, sem um getur í 3. mgr., eru uppfylltar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

Innan sex mánaða frá þeim degi, sem upplýsingar berast frá aðildarríki, skal framkvæmdastjórnin kynna sér fyrirhugaðar ráðstafanir, taka ákvörðun í samræmi við málsmæðferðina, sem sett er fram í 9. gr., og tilkynna hana aðildarríkjunum.

5. gr.

#### Breyting á framboði eldsneytis

Verði skyndileg breyting á framboði jarðolíu, jarðolíuvara eða annarra vetniskolefna til þess að erfitt verði fyrir aðildarríki að virða viðmiðunarmörk fyrir hámarksmagn brennisteins sem um getur í 3. og 4. gr. skal aðildarríkið tilkynna það framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin getur heimilað að hærri viðmiðunarmörk gildi innan yfirráðasvæðis þessa aðildarríkis, þó ekki lengur en um sex mánaða tímabil. Hún skal tilkynna ráðinu og aðildarríkjunum um ákvörðun sína. Sérhvert aðildarríki getur vísað þeirri ákvörðun til ráðsins innan eins mánaðar. Ráðið getur samþykkt, með auknum meirihluta, aðra ákvörðun innan tveggja mánaða.

6. gr.

#### Sýnataka og greining

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um það með sýnatöku að brennisteinsmagn þess eldsneytis, sem er notað, sé í samræmi við 3. og 4. gr. Sýnataka skal hefjast innan sex mánaða frá þeim degi sem viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir hámarksmagn brennisteins í eldsneyti taka gildi. Hún

skal framkvæmd svo oft og á þann hátt að sýnin gefi sanna mynd af því eldsneyti sem er til rannsóknar.

2. Tilvísunaraðferðin, sem beita skal til að ákvarða magn brennisteins, skal vera:

- ISO-aðferð 8754 (1992) og prEN ISO 14596 að því er varðar svartolíu og skipagasolíu,
- EN-aðferð 24260 (1987), ISO 8754 (1992) og prEN ISO 14596 að því er varðar gasolíu.

Gerðardómsaðferðin skal vera prEN ISO 14596. Tölfræðileg túlkun á sannprófun brennisteinsmagns í gasolíum skal gerð í samræmi við ISO-staðal 4259 (1992).

7. gr.

#### Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Á grundvelli niðurstaðna úr sýnatöku og greiningu, sem fram fara í samræmi við 6. gr., skulu aðildarríkin eigi síðar en 30. júní ár hvert leggja stutta skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um brennisteinsmagn fljótandi eldsneytis sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar og var notað á undangengnu almanaksári á yfirráðasvæði þeirra. Í skýrslunni skal vera yfirlit yfir undanþágur sem veittar voru samkvæmt 3. mgr. 3. gr.

2. Meðal annars á grundvelli ársskýrslna, sem eru lagðar fram í samræmi við 1. mgr. og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað að því er varðar loftgæði og súrnun, skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2006, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Framkvæmdastjórnin getur lagt fram tillögur með skýrslu sinni sem miða að endurskoðun þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar viðmiðunarmörk, sem mælt er fyrir um fyrir hvern flokk eldsneytis, og þær undanþágur sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal íhuga til hvaða ráðstafana megi grípa til að minnka vægi þeirra þátta sem stuðla að súrnun við brennslu eldsneytistegunda fyrir skip, annarra en þeirra sem eru tilgreindar í 3. mgr. 2. gr., og leggja fram tillögu eigi síðar en í árslok 2000 ef við á.

8. gr.

#### Breytingar á tilskipun 93/12/EBE

1. Tilskipun 93/12/EBE er breytt sem hér segir:

- a-liður 1. mgr. og 2. mgr. 1. gr. falli brott,

- b) fyrsti undirliður 2. og 3. mgr. 2. gr. falli brott,  
c) 3. og 4. gr. falli brott.

2. Frá 1. júlí 2000 gildir 1. mgr.

*9. gr.*

### **Ráðgjafarnefnd**

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna, undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum, innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

*10. gr.*

### **Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*11. gr.*

### **Viðurlög**

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar ákvörðunar. Viðurlögin, sem ákvörðuð hafa verið, skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

*12. gr.*

### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*13. gr.*

### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. apríl 1999.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. FISCHER

*forseti.*